

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með a. m. k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, í hvert skipti kr. 800,00.

Fullt afnotagjald ber að greiða fyrir þann tíma, sem hitavatsæðum er lokað vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 7, 7. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júní 1987.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 24,20
2. Um hemil fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils ... kr./ári 6 662,00

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m³.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

1. Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 3 104,00
2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" kr. 4 363,00

III. Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------------|
| Allt að 400 m ³ | kr. 37 277,00 |
| hver m ³ yfir 400 að 2000 m ³ | kr./m ³ 31,90 |
| Fyrir 2000 m ³ | kr. 87 613,00 |
| hvern m ³ þar yfir | kr./m ³ 26,40 |

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 7 239,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 605,00.

V. Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

Hitaveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna hitaveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi sem hefur hemil/mæli að breyta og fá í staðinn mæli/hemil skal greiða kr. 1 186,00 fyrir breytinguna.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 479,00.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 102, 25. febrúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 19. júní 1987.

F.h.r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I Raforka

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

- | | |
|--|--------------------|
| 1.1. Til almennrar lýsingar. Orkugjald | 5,32 kr/kWh. |
| 1.2. Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald | 6,62 kr/kWh. |
| 1.3. Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli: | |
| Aflgjald | 7 115,00 kr/kW/ár |
| Viðhaldsgjald | 8 853,00 kr/kW/ár |
| Gjald alls | 15 968,00 kr/kW/ár |
| Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu. | |